

Alþingi  
Erindi nr. Þ 133/1295  
komudagur 28.2.2007



HVERAGERÐISBÆR

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræði 8-10  
105 Reykjavík

Hveragerði 27. febrúar 2007

**Efni: umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2007 -2018 og um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2007-2010.**

Fyrir hönd allra fulltrúa í bæjarstjórn Hveragerðisbæjar vill undirrituð koma eftirfarandi á framfæri við Samgöngunefnd Alþingis vegna ofangreindra tillagna:

*Bæjarstjóri og bæjarfulltrúar lýsa yfir ánægju sinni vegna þess stórauðna fjármagns til samgöngumála sem þingsályktunartillögurnar bera vott um. Með framlagningu þeirra hefur samgöngunefnd stigið eitt stærsta skref í samgöngubótum sem stigið hefur verið á Íslandi.*

*Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar hefur lengi barist fyrir samgöngubótum á Suðurlandsvegi en mikill einhugur ríkir um að eina raunhæfa lausnin við uppbyggingu vegarins sé tvöföldun með sambærilegu vegsniði og er á Reykjanesbrautinni. Því fagnar bæjarstjórn Hveragerðisbæjar nýjum samgönguáætlunum þar sem kemur fram að tvöfalda eigi Suðurlandsveg á allra næstu árum. Þannig verði öryggi vegfarenda betur tryggt en nú er og með þessari ákvörðun er einnig tekið tillit til þeirrar miklu umferðar sem um veginn fer og aukast mun stöðugt á næstu árum.*

*Bæjarstjóri og bæjarfulltrúar hvetja þingmenn allra flokka til að styðja áætlanir um tvöföldun Suðurlandsvegur og þannig verði þær að veruleika á allra næstu árum.*

Með vinsemi og virðingu,

  
Aldis Hafstein Óttin  
Bæjarstjóri  
HVERAGERÐISBÆR

Afrit sent: þingmönnum Suðurlandsdæmis ásamt ráðherrum fjármála- og samgangna.